

**Fundargerð samstarfsnefndar
Sambands íslenskra sveitarfélaga
og
Félags íslenskra hljómlistarmanna**

75. fundur samstarfsnefndar Sambands íslenskra sveitarfélaga og Félags íslenskra hljómlistarmanna var haldinn mánudaginn 25. janúar 2021. Fundurinn var fjarfundur á Teams og hófst hann kl. 8:30.

Mætt voru f.h. FÍH, Gunnar Hrafnson, Freyja Gunnlaugsdóttir og Eyþór Ingi Kolbeins, af hálfu SNS, Harpa Ólafsdóttir og Bjarni Ómar Haraldsson sem einnig ritaði fundargerð.

Þá var gengið til dagskrár.

1. Eiga stundakennarar rétt á greiðslu álags eftir klukkan 17:00 skv. gr. 1.7.8 vinna utan dagvinnumarka, vaktaálag. – Málsnr. 2101062SA

SNS óskar eftir að tekin sé til umfjöllunar sameiginleg niðurstaða samstarfsnefndar á 74. fundi um að grein 1.7.8. vinna utan dagvinnumarka, vaktaálag eigi við um stundakennara eins og þá kennara sem eru ráðnir í fast starfshlutfall. Að mati fulltrúa SNS gengur þessi niðurstaða gegn skýru orðalagi gr. 1.7.8. sem hljóðar svo:

„Þegar tónlistarskólakennari innir af hendi kennsluskyldu sína skv. 2.1.6.2 m.v. starfshlutfall utan hefðbundinna dagvinnumarka skal greiða vaktaálag. Greiðslur fyrir vaktaálag reiknast af dagvinnukaupi sbr. gr. 1.6.1.“

Niðurstaða:

Samstarfsnefnd er sammála um að orðalag greinar 1.7.8. *“Þegar tónlistarskólakennari innir af hendi kennsluskyldu sína skv. 2.1.6.2 m.v. starfshlutfall utan hefðbundinna dagvinnumarka skal greiða vaktaálag“* sé það skýrt að greinin geti bara átt við um þá Tónlistarskólakennara sem inna kennsluskyldu sína af hendi í föstu starfshlutfalli en ekki stundakennara. Jafnframt er vísað til þess í grein 1.7.8. að vaktaálag reiknist eingöngu af dagvinnukaupi sbr. gr. 1.6.1. Stundakennarar fá greitt fyrir kennslustundir sem þeir inna af hendi skv. gr. 1.8.1. Stundakennarar, launaflokkar og gr. 1.8.2 Stundakennarataxtar en ekki gr. 1.6.1. Stundakennarataxti skv. grein 1.8.2. er uppreiknaður og felur í sér að greitt er fyrir hverja 60 mínútna kennslustund ásamt undirbúningi kennslustundar, að teknu tilliti til námsstigs, óháð því á hvaða tíma dags eða innan vinnuvikunnar kennslustund er innt af hendi.

2. Önnur mál

- a. FÍH bendir á að skv. bókun ættu aðilar að vera farnir að ræða saman í mars skv. bókun 5 um tiltekin mál í ljósi þess að kjarasamningur félagsins er laus 31. desember 2021. SNS hefur frumkvæði í málinu.
- b. Heildarkjarasamningur er í farvatninu og ætti að takast að ljúka útgáfu hans í aprílbyrjun.

Fundi slitið klukkan 9:30.